



Alþingi
Erindi nr. P 136/413
komudagur 11.12.2008

11. desember 2008
SI-46454

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dagsettu 10. desember 2008 sem barst í tölvupósti í dag óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 211. mál.

Helsta breytingin sem gerð er á lögnum skv. frumvarpinu er tæknilegs eðlis og á að koma í veg fyrir að heimild til frestunar uppgjóri aðflutningsgjalda, skv. lögum nr. 130/2008 um lengri fresti til að gera upp aðflutningsgjöld, leiði ekki til mótvirkandi bindingar fjár vegna virðisaukaskatts. Auk þess er heimilað að nota almanaksmánuðinn sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en endurgreiðsla.

Fyrri breytingin er liður í skammtímaráðstöfunum vegna fjármálakreppunnar, en hin seinni virðist meinlaus.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605